

<b>Dags. fundar:</b> 15. júní 2011	<b>Tími:</b> 17:15	<b>Nr. fundar:</b> 11
<b>Fundarboðari:</b> Dags. samþ. á síðasta fundi.	<b>Fundarritari:</b> Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	<b>Staður:</b> Sundlaugin Laugardal

#### Efni fundar:

1. AMÍ
2. Smáþjóðaleikarnir.
3. Kosning dómara ársins.
4. Önnur mál.
  - a. Aldurstakmörk í dómgæslu.
  - b. Netfang.
  - c. Frágangur sundmóta.

**Viðstaddir:** Svanhvít G. Jóhannsdóttir, Ólafur Baldursson, Björn Valdimarsson, Gunnlaugur Þráinsson, Ragnhildur Guðjónsdóttir og Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.

**Boðuð forföll:** Steinunn Einarsdóttir.

#### Dagskrá:

1. AMÍ verður á Akureyri 23.-26. júní n.k. Ólafur Baldursson mun setja sig í samband við Óðinn, sem skipuleggur mótið, til að kanna möguleika á að dómara mótsins geti gíst í kennslustofum í Brekkuskóla ásamt því að dómara geti keypt sér mat í skólanum. **Tæknimál mótsins eru öll á höndum Óðins en nýlega keypti Óðinn ásamt ÍA nýtt „scoreboard“ sem notað verður á mótinu. Send var út beiðni á dómara í dag.**
2. Smáþjóðaleikarnir fóru fram í Liechtenstein í byrjun júní. Ólafur Baldursson og Gústaf Adólf Hjaltason sem báðir eru alþjóðlegir FINA dómara störfuðu báðir á mótinu. Gústaf Adólf ræsti karlagreinar mótsins og Ólafur var tæknidómari alla mótshlutana. Sáú þeir vel hversu sterk dómgæsla íslenskra sunddómara er en á þessu móti voru nokkuð margir dómara með litla sem enga reynslu en Svisslendingar sáu um skipulag mótsins. Guðmundur Harðarson var í tækninefndinni fyrir hönd ÍSÍ. Ýmislegt var öðruvísi skipulagt en vani er á íslenskum sundmótum s.s. marsering inn á svæðið, kynning á yfirdómurum o.fl.
3. Á hverju ári kjósa dómara einhvern úr sínum röðum sem dómara ársins. Þessi kosning hefur farið fram í tengslum við ÍM25 en vangaveltur eru innan nefndarinnar að þessu fyrirkomulagi verði breytt og öllum yfir-, og almennum dómurum standi til boða að kjósa rafrænt t.d. í gegnum google docs eða sambærilegt kerfi.

4. **a.**  
 Á dómaramámskeið í vetur hafa verið að mæta 16 og 17 ára ungmenni. Engin aldurstakmörk hafa verið sett en ábending er um að 18 ára væri æskilegur lágmarksaldur.
- b.**  
 Kannað verði með möguleika á að nefndin fái sérstakt netfang en þangað geti dómara beint fyrirspurnum, umsóknum, mótaskýrslum o.fl.
- c.**  
 Enn bregður við að frágangur á sundmóttagögnum, útfylling á mótaskýrslum o.fl. sé mjög ábótavant. Virðist ekki alltaf skipta máli hvort um vant fólk sé að ræða eða fólk sem er að stíga sín fyrstu skref við mótahald.

**Verkefni ákveðin á fundinum:**

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir</i>
Gistimöguleikar fyrir dómara á AMÍ	ÓB	Sem fyrst.
Möguleiki á rafrænni kosningu	RH,SE,IELS	Haustið.
Netfang fyrir dómara nefnd	ÓB	Sem fyrst.

**Fylgiskjöl:** Engin.

**Fundi slitið:** kl. 18:20.

**Næsti fundur:** Verður boðað til hans með tölvupósti..